

Ed.

301. Breytingartillögur

[106. mál]

við frv. til l. um breyt á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Á undan 1. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (1. gr.) Fyrsti málsliður c-stafliðar 15. gr. laganna orðist svo:
 - c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum þrem mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 10 virka daga.
 - b. (2. gr.) 17. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem öðlazi hefur rétti til bóta samkvæmt 15. gr., fær greidda dagpeninga frá og með 8. degi, eftir að hann varð atvinnulaus. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða undanfarna 10 daga, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 8. degi, enda þótt eigi sé fullnægt skilyrði því, sem um getur í c-lið 15. gr. Hafi hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazi rétti til bóta, skal við ákvörðun bótaupphæða við það miðað, að þær ásamt öðrum tekjum bótaþega fari ekki fram úr 75% af dagvinnukaupi verkamanns, sbr. 2. málslið 18. gr.

Fella skal niður biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysdagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 6 mánuði ár hvert.
 - c. (3. gr.) Fyrsta málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 120.00 á dag fyrir einhleypan mann, kr. 150.00 á dag fyrir kvæntan karl eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, og kr. 20.00 á dag fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem. Nú breytist grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og skal þá breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.
2. Við 1. gr. frv., er verður 4. gr., bætist svo hljóðandi málsgrein:

Einnig er sjóðsstjórninni heimilt að veita verkalýðsfélögum lán, vaxtalaus eða með lágum vöxtum, til byggingar félagsheimila og orlofsheimila.